

Rannsóknir á heilbrigði æðarfugla hér við land:

Stofn æðarfugla er að mestu leyti heilbrigður

- nokkrir fuglar þó með salmonellu

Í nokkur ár hafa farið fram rannsóknir á heilbrigði æðarfugla hér við strendur Íslands á vegum Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Tekin voru sýni úr fuglum sem skotnir voru á Skerjafirði og þeir meðal annars skoðaðir með tilliti til sníkjudýra og óæskilegra efna sem þeir kunna að innihalda.

Rannsókn þessa má rekja til þess þegar upp kom grútarmengun á Húnaflóa 1992. Nokkrir af fuglum sem lentu í henni komu til rannsókna að Keldum og þegar farið var að skoða þá kom í ljós að menn vissu mjög lítið um heilbrigði æðarfugls á Íslandi. Þá var ákveðið að skipuleggja rannsókn sem kannaði heilbrigðisástand æðarfuglastofnsins. Myndaður var starfshópur um rannsóknina og hann skipaðu Karl Skírnisson dýrafræðingur á Keldum, Arnór Þórir Sigtússon sem vann þá hjá Veidistjóraembættinu en er nú hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og Sigurður Sigurðarson dýralæknir á Keldum.

Leyfi fékkst hjá umhverfisráðuneytinu til að drepa 80 æðarfugla á Skerjafirði, 40 steggi og 40 kollur, og voru þeir veiddir á

mikið af sníkjudýrum var í fuglum eða yfirla 40 tegundir. Flest þeirra berast ofan í fuglana með fæðunni en æðarfuglar éta mikið af skeldýrum og krabbadýrum. Í þeim eru lírtur sníkjudýra sem verða síðan kynþroska í æðarfuglinum.

Fæðuval fuglanna var einnig kannað. „Við náðum að greina 36 mismunandi tegundir fæðu í fuglum. Þeir fóru m.a. að útrásum holrása og við fundum ýmislegt þaðan, svo sem gular baumir, grænir baumir og annað sem kom upphaflega frá mannfólkinu. Afleiðing þess að nærast við útrásir skolprása er salmonellusýking sem við fundum í nokkrum fuglum.“ Karl segir að þetta sé í raun það eina sem þeir hafa fundið í þessari rannsókn sem snertir heilbrigði mannsins. „Það segir sig sjálft að ákveðin sýkingarhætta stafar af fuglum með salmonellusýkingu fyrir þá sem komast í snertingu við saur fuglanna, t.d. á varptíma, þar sem

egginn eru oft menguð af saur frá æðarfuglinum.“

rannsókninni kom einnig í ljós að varptímin gengur mjög nærri kollunum. Þær yfirgefa ekki hreiðrin allan varptímann og léttast því mikið. Þetta skipir máli þegar styrkur þrávirkra mengunarefna í æðarfuglinum er skoðaður. Hann snarhækkaði þegar engin fita var eftir í fuglum þar sem efnin sem voru áður bundin í fitunni fóru út í blóðrás þegar fitan var uppurin og farið að ganga á vöðva fuglanna. Karl telur líklegt að þessi styrkur hafi verið það mikill að hann hafi verið nálægt því að valda eitrunaráhrifum.

Karl segir, að öðru leyti séu fuglamir heilbrigðir og líftíð hafi verið um áverka á þeim. Hann segir þessar niðursíður litlu breyta um hvernig æðarbændur nýta afurðir fuglsins nema þá helst að vara sig á fuglum úr þéttbýli sem gætu hafa sýkst af bakteríum úr holræsnum.

Karl segir að æðarbændur hafi vitneskju um þessar rannsóknir og sumir þeirra hafa beðið starfsmenn á Keldum um að leita orsaka ungasáunda sem stundum verður vart við. Sem dæmi um það nefnir Karl athugun á ungum úr varpi við bæinn Litlu-Eyri við Bítudal. „Þar fóru ungar að drepa í stórum stíl fyrir nokkrum árum og ástæðan fyrir því var sníkjudýr sem olli bráðri nýrnabilun unganna. Sníkjudýrin mögnuðust svona upp vegna þess að ungarir sultu því þeir höfðu ekki haft aðgang að litlum marflóm sem er aðalæða þeirra eftir að þeir skríða úr eggjum. Marflærnar voru ekki til staðar vegna þess að um nokkra vikna skeið áður en ungarir yfirgáfu varpið hafði Vega-gerðin verið að þvo mól í á við botn fjarðarinn sem bærinn stendur við, og við það fór mikið af aur og finum svífnum út í fjörðinn. Þetta spillti töluvert lífríki innsta hluta fjarðarinn með ofangreindum afleiðingum.“

